

Sveitarfélagið Ölfus
Gunnlaugur Jónsson
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 21. júní 2022
UST202206-002/B.S.
10.04.00

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022 og nýtt deiliskipulag – Ölfusvirkjun. Umsögn

Vísað er til erindis Sveitarfélagsins Ölfuss er barst 31. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu breytinga á aðalskipulagi og nýju deiliskipulagi vegna fyrirhugaðrar jarðhitavirkjunar við Fjallið eina suðaustur af Bláfjöllum.

Gert er ráð fyrir að framleiða allt að 9,8 MW af rafmagni og 49 MW af varma.

Umhverfisstofnun telur að fyrirhuguð virkjun sýni ótvírætt að uppsett afl virkjana er fremur lélegur mælikvarði á umhverfisáhrif vatnsaflsvirkjunar annars vegar og jarðhitavirkjunar hins vegar.

Umhverfisstofnun vill benda á að ef af byggingu Ölfusvirkjunar verður mun sú framkvæmd sem hér er kynnt mjög sennilega taka talsverðum breytingum á bygginga- og vinnslutíma. Reynslan hefur sýnt að við aðrar sambærilegar virkjanir á þessu svæði hefur þurft að ráðast í frekari boranir til að standa undir vinnslunni og talsverð óvissa hefur jafnan verið bundin vatnsöflun og förgun affallsvatn. Því er hætt við að rask verði talsvert meira en tilgreint er í lýsingunni og jafnframt verði erfitt að staðsetja með nákvæmni mannvirkin á svæðinu.

Umhverfisstofnun hefur lagt áherslu á að við sambærilegar virkjanir verði reynt að nýta borteiga fyrir fleiri en eina holu og að gerð verði grein fyrir hvernig gengið verði frá borteigum þar sem holur standa ekki undir væntingum.

Umhverfisstofnun telur að skoða ætti vandlega hvort ekki sé mögulegt að afla orku til nýtingar í Þorlákshöfn með öðrum hætti en hér er lagt til. Á allra næstu árum mun Landsvirkjun ráðast í byggingu nýrra virkjana á Þjórsár/Tugnársvæðinu þar sem líklega verður hafist handa við byggingu Hvammsvirkjunar á þessu ári. Fyrirhugað er að endurnýja eldri virkjanir á þessu svæði sem auka mun enn meira framboð orku. Samhliða þessu er Landsnet að vinna að styrkingu dreifikerfis um landið. Í ljósi þessa er ekki unnt að sjá að knýjandi ástæður séu fyrir hendi að ráðast í smærri virkjanir á nýjum svæðum.

Umhverfisstofnun hefur talið að betri nýting þegar virkjaðra vatnsfalla eins og Þjórsár og Blöndu og aukið framboð orku ættu ekki að hvetja aðila til að ráðast í minni framkvæmdir á nýjum og öröskuðum svæðum á forsendum þess að orkuöryggi og framboð orku sé ekki ásættanlegt.

Mat á umhverfisáhrifum

Í tilkynningarskýrslunni kemur fram að þrátt fyrir að framkvæmdin sé undir stærðarviðmiðum samkvæmt tl. 3.02 í viðauka 1 í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana sé það álit framkvæmdaraðila að framkvæmdin eigi að sæta umhverfismati, einkum vegna staðsetningar á vatnsverndarsvæði og áhrifa á eldhraun sem njóta



UMHVERFIS

STOFNUN

sérstakrar verndar náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Umhverfisstofnun tekur heilshugar undir það og telur að vegna þess að framkvæmdin er á mörkum þess að vera matsskyld, svæðið er á vatnsverndarsvæði og er að mestu leyti óraskað og þar er hraun sem fellur undir náttúruverndarlög, er æskilegt að ferli umhverfismats verði notað til að meta umhverfisáhrif fyrirhugaðrar virkjunar.

Að mati Umhverfisstofnunar ætti að bíða með að ráðast í umræddar skipulagsbreytingar þangað til niðurstaða mats á umhverfisáhrifum liggur fyrir.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur